

Garðabær  
Anna María Guðmundsdóttir  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

Reykjavík, 9. nóvember 2021  
UST202110-169/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Lýsing - Deiliskipulagi fyrir Vífilsstaðahraun, Maríuhellar og Vatnsmýri í Garðabæ.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Vífilsstaðahraun, Maríuhella og Vatnsmýri í Garðabæ.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagssvæðið er um 70 ha að stærð og er hluti af fólkvangi í Garðahrauni efra, Garðahrauni neðra, Vífilsstaðahrauni og Maríuhellum í Garðabæ. Viðfangsefni skipulagsins er að vernda náttúru svæðisins, auka aðgengi almennings til útivistar með því skilgreina göngu- reið- og hjólastíga, staðsetja bílastæði og fræðslusvæði.

### **Markmið**

Umhverfisstofnun tekur undir sem kemur fram að í greinargerð lýsingar að markmið deiliskipulagstillögunnar taki mið af verndarmarkmiðum fólkvangsins sem er að tryggja aðgengi almennings að náttúru svæðisins til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu í þéttbýli og markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að vernda jarðmyndanir sem eru fágætar á heimsvísu, náttúrulegt gróðurfar og dýralíf.

### **Forsendur og gestir**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver sé áætlaður fjöldi gesta sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, bygginga og áningarstaða, og umfang stíga.

### **Gönguleiðir og slóðar**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvaða yfirborðsefni verður notað í stígagerð, hvort og hvaða stígar verði með lýsingu og þá hverskonar lýsingu og hvað verður um aflagða slóða.

Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að allir útivistarstígar fylgi og falli vel að landi og öllu raski verði haldið í lágmarki.

Umhverfisstofnun bendir einnig á þann möguleika að skilgreina svokallaða Jónshellnastíg (Berklastígur) sem náttúrustíg.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að stofnstígar valdi sem minnstu raski í fólkvanginum og það skoðað hvernig stígakerfið almennt innan svæðisins samrýmist nærliggjandi svæðum.

### **Fuglaskoðunarbrú**

Í greinargerð kemur fram að gerð verði fuglaskoðunarbrú og bendir stofnunin á mikilvægi þess að brúin falli vel að landslagi.

### **Hjólaleiðir**

Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að skilgreina hjólastíga við Maríuhella vel þar sem er orðið töluvert álag á svæðinu.

### **Bakkagróður**

Umhverfisstofnun bendir á að við tillögugerðina sé hugað að framkvæmdum við tjarnir og litið sé til 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

### **Samráð**

Umhverfisstofnun telur að þar sem allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Garðabæjar, sbr. skipulagslög, nr. 123/2010 og lög um mannvirki, nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 sé mikilvægt að haft sé samráð við stofnunina á hönnunarstigi tillögunnar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur